



## **Brunavarnir A-Hún.**

### **Stjórnarfundur 25. janúar 2010**

---

Mánudaginn 25. janúar 2010 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi kl. 11:00. Mæting skv. undirskriftum.  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### **Dagskrá:**

1. Bréf Löggarðs f.h. LSS vegna ráðningar slökkvistjóra hjá Brunavörnum A-Hún.
2. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

1. Bréf Guðna Á Haraldssonar lögmanns LSS vegna ráðningar slökkvistjóra. Í bréfinu er farið yfir skilyrði vegna ráðningar í starf slökkvistjóra og sett fram áskorun um að rétt verði staðið að ráðningu í starfið. Stjórn Brunavarna telur að rétt hafi verið staðið að ráðningu og að hún sé í samræmi við lög nr. 75/2000. Þeir aðilar sem gegna störfum á vegum Brunavarna eiga að hafa til þess tilskilin réttindi og er á hverjum tíma leitast við að standa undir þeim kröfum sem fram koma í áðurnefndum lögum.
2. Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 12:25

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Ágúst Þór Bragason

Gróa Lárusdóttir